



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## ÚTFLUTNINGSVERÐLAUN 2024 OG HEIÐURSVIÐURKENNING

Útflutningsverðlaun forseta Íslands verða afhent í 36. sinn við hátíðlega athöfn á Bessastöðum á morgun, laugardaginn 9. mars kl. 13:00. Einnig verður afhent sérstök heiðursviðurkenning til einstaklings sem aukið hefur hróður Íslands á erlendri grundu.

Hildur Árnadóttir, formaður stjórnar Íslandsstofu, tilkynnir hvaða fyrirtæki hlýtur útflutningsverðlaunin í ár og forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, afhendir þau auk þess sem hann afhendir heiðursviðurkenningu til einstaklings.

Í úthlutunarnefnd vegna verðlaunanna sátu þau Gylfi Magnússon frá viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Hildur Árnadóttir frá Íslandsstofu, Katrín Olga Jóhannesdóttir frá Viðskiptaráði, Þórunn Sveinbjörnsdóttir frá Alþýðusambandi Íslands og Sif Gunnarsdóttir fyrir hönd embættis forseta Íslands.

Fulltrúum fjölmiðla er boðið að vera viðstaddir verðlaunaveitinguna.

8. mars 2024

Nánari upplýsingar veita Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri á skrifstofu forseta Íslands (820 4946) og Brynja Bjarkadóttir (849 8425) hjá Íslandsstofu.